

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 8. gr. og 64. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 20. febrúar 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

12. febrúar 2004

Nr. 209

GJALDSKRÁ

vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa og skipulags- og byggingarnefndar í Rangárþingi ytra.

1. gr.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, foheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Einbýlishús	70.453
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	58.711 pr. íbúð.
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	49.317 pr. íbúð.
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	42.271 pr. íbúð.
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	35.227 pr. íbúð.

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, foheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólflötur allt að 500 fermetrar	70.453
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólflötur stærri en 500 fermetrar	93.937

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, foheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Frístundahús	58.711
Smáhýsi allt að 25 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	29.356
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, útihús á lög- lögbylum og viðbyggingar allt að 20 ferm.	29.356
Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar	41.097

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld:

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar	30.000
2/3 staðfestingargjalds ganga uppí byggingarleyfisgjald	4.000
Afgreiðslugjald í skipulags- og byggingarnefnd	7.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttá	5.000
Endurnýjun leyfis án breytinga	11.500
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	11.500
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	7.000
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	11.500
Framkvæmdaleyfi	32.500
Fyrir grenndarkynningu	20.000
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	2.000
Afgreiðsla á stofnskjali	25.000
Breyting á staðfestu aðalskipulagi	

Vegna óska um breytingar á samþykktu deiliskipulagi sveitarfélagsins: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað eða greiði þann kostnað sem af hlýst, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.

3. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2004 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2004 er 287,8 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra, 12. febrúar 2004.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.